

## REGLUGERÐ

### um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1969.

#### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1969, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur .....	kr. 15 000.00
II. flokkur .....	— 12 000.00
III. flokkur .....	— 9 000.00
IV. flokkur .....	— 6 000.00
V. flokkur .....	— 3 000.00

#### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipt í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Reykjavíkur apótek.

II. flokkur: Holts apótek,  
Ingólfs apótek,  
Laugavegs apótek,  
Lyfjabúðin Iðunn.

III. flokkur: Akureyrar apótek.  
Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Kópavogs apótek,  
Stjörnu apótek,  
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Borgar apótek,  
Garðs apótek,  
Laugarnes apótek,  
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Apótek Neskaupstaðar,  
Borgarnes apótek,  
Dalvíkur apótek,  
Háaleitis apótek,  
Húsavíkur apótek,  
Ísafjarðar apótek,  
Patreksfjarðar apótek,  
Sauðárkróks apótek,  
Siglufjarðar apótek,  
Stykkishólms apótek.

**3. gr.**

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhirðis fyrir 1. nóvember 1969. Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. ágúst 1969.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

Nr. 161.

11. ágúst 1969.

**AUGLÝSING**

**um samning milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kjararáðs f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um breytingar á launakjörum ríkisstarfsmanna frá því, sem ákveðið var í dómum Kjaradóms frá 30. nóv. 1967 og 21. júní 1968.**

**1. gr.**

Um ákvörðun verðlagsbóta fyrir tímabilið 1. marz 1969 — 1. júní 1969 fari samkvæmt væntanlegum dómi Kjaradóms, þar sem ágreiningur ríkir um það atriði.

**2. gr.**

Frá 1. júní 1969 og til ágústloka 1969 skal greiða 23.35% verðlagsuppbót á grunnlaun, með þeim frávikum, er um ræðir í 4. gr.

Hækkun sú á framfærslukostnaði, er leiðir af hækkun verðlagsuppbótar samkvæmt þessum samningi, skal eigi verðbætt. Við ákvörðun verðlagsuppbótar samkvæmt 3. gr. er þessi hækkun fastbundin 3%, miðað við framfærsluvísitölu 125.45 stig hinn 1. maí 1969, og dreifist hún á útreikningstíma sem hér segir: 1. ágúst 1969: 1.5%, 1. nóvember 1969: 0.75% og 1. febrúar 1970: 0.75%.

**3. gr.**

Miðað við verðlag 1. ágúst og 1. nóvember 1969, 1. febrúar og 1. maí 1970, og framvegis á þessum tímum, reiknar Kauplagnesfnd verðlagsuppbót, er skal koma til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar á eftir, í fyrsta sinn 1. september 1969, sjá þó. 4. málgr. þessarar gr.

Við ákvörðun verðlagsuppbótar hverju sinni (sbr. 1. málgr.) skal fara þannig að: Reiknuð er sú hækkun, sem hverju sinni hefur orðið hlutfallslega á framfærslukostnaði í Reykjavík síðan 1. nóvember 1967. Frá þessari hækkun dregst:

1. 28.30 prósentustig að viðbættum 2.83 prósentustigum, eða alls 31.13 prósentustig. Af þessum 2.83 stigum eru 2.34 stig frádráttur samkvæmt 4. gr. dóms Kjaradóms 21. júní 1968, og 0.49 stig frádráttur vegna verðhækkunar á búvörum í kjölfar greiðslu verðlagsuppbótar (sbr. 5. gr. sama dóms.)
2. Sú hækkun framfærslukostnaðar, sem stafar af verðhækkun á búvörum — þeirrar, er leiðir af hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli, vegna greiðslu hærri verðlagsuppbótar en 23.35%.
3. Hækkun vegna ákvæða 2. málgr. 2. gr., sem hér segir: Við útreikning verðlagsuppbótar 1. ágúst 1969 1.96 prósentustig, 1. nóv. 1969 2.94 prósentustig og 1. febrúar 1970 og framvegis 3.92 prósentustig.